

Nr. 055 / 16 Margrét ÓF 49**Sekkur við bryggju**

Skipaskr.nr. 2139
Smíðaður: Noregur, 1991, Trefjaplast.
Útgerð: Andri Viðar Víglundsson
Stærð: 4,88 brl. 5,44 bt.
Mesta lengd: 8,98 m Skráð lengd: 8,3 m
Breidd: 2,55 m Dýpt: 1,07 m
Vél: Volvo Penta, 107 kW, árg.:1991
Fjöldi skipverja: 2



Margrét©Vigfús Markússon

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 3. apríl 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júní 2016 var Margrét ÓF 49 við bryggju í Ólafsfirði. Veður: N 1-2 m/s.

Þegar komið var Margréti að morgni dags var hún sokkin við bryggju en hún hafði verið yfirgefin um átta klukkustundum áður. Samkvæmt upplýsingum úr myndavélakerfi hafnarinnar hafði báturinn byrjað að síga að framan og síðan sokkið á u.þ.b. fjórum klukkustundum.

**Mynd 1 Margrét ÓF 49 sokkin við bryggjuna**

Við rannsókn kom fram:

- að aðskotahlutur reyndist vera í einstefnuloka á lensilögn úr lest þannig að hann stóð opinn. Úttakið fyrir lögnina var á stjórnborðssíðu bátsins eins og myndin (Mynd 2) sýnir;



Mynd 2 Myndin sýnir úttakið fyrir lensinguna

- að stjórnborðs halli á bátnum varð til þess að úttakið fór undir sjólinu og sjór átti greiða leið inn í lestina;
- að u.þ.b. 600 kg af fiski var um borð;



Mynd 3 Einstefnulokinn og lögnin fyrir lensinguna

- að sjálfvirk lensidæla af gerðinni „Role 500“ var í lestinni;
- að sjálfvirknibúnaður lensidælnnar var bilaður og hafði verið um tíma. Skipstjórinn kvaðst því hafa þurft að stjórna henni með handrofa í stýrishúsi.

Nefndarálit:

Orsök lekans var að einstefnulokinn á lensilögninni stóð opinn og sjálfvirkur lensibúnaður dæluunar óvirkur.

Nefndin telur að frágangur á lensilögn hafi verið ófullnægjandi og hefði átt að liggja talsvert fyrir ofan sjávarborð þ.e.a.s. fyrir ofan úttak.

Þá er það mat nefndarinnar að fyrst að til staðar var sjálfvirkur lensibúnaður hefði verið eðlilegt að hafa hann í lagi.